

Mál nr. 273/2020**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur við Hveramörk 10 hinn 20. júní 2020.****Gögn.**

Málskot móttakið 16. ágúst 2020 með fylgiskjöllum.

Bréf V1 dags. 10. september 2020, ásamt gögnum.

Tölvupóstur V2, dags. 24. september 2020.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að árekstur var með bifreiðum A og B hinn 20. júní sl. Ekki var gerð sameiginleg tjónstilkynning á vettvangi og ekki liggur heldur fyrir lögregluskýrsla vegna málsins. Hvor ökumanna um sig skilaði til síns vátryggingafélags lýsingu á aðdraganda áreksturs. M er eigandi bifreiðar A og í gögnum málsins má sjá lýsingu ökumanns á því að hann hafi ekið aftur á bak eftir Hveramörk og ekki séð neitt í baksýnisspegli þegar bifreið B var ekið aftur á bak úr bifreiðastæði í veg fyrir bifreið A. Ökumaður bifreiðar B lýsir hins vegar atvikum þannig að hann hafi verið að aka aftur á bak úr bifreiðastæði og verið kominn út á Hveramörk þegar ökumaður bifreiðar A byrjaði að aka aftur á bak og á bifreið B sem hafi þá stöðvað bifreið sína rétt áður en árekstur varð.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera ábyrgð á árekstri þar sem ökumaður bifreiðar A hafi sýnt næga aðgæslu en ökumaður bifreiðar B hafi ekið rösklega aftur á bak úr bifreiðastæði og vitni geti staðfest það.

V1 og V2 telja að skipta eigi sök milli ökumanna til helminga þar sem hvorugur ökumann hafi sýnt nægjanlega aðgæslu í aðdraganda áreksturs skv. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Álit:

Þegar litið er til gagna málsins er ljóst að báðir ökumenn voru að aka aftur á bak í aðdraganda áreksturs. Hvor ökumanna um sig ber hinn sökum um að hafa ekið án aðgæslu. Í 1.mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir: „Áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skal hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra.“ Sú skylda hvíldi á báðum ökumönnum og ekki er sýnt að annar þeirra hafi gætt þessa betur en hinn. Engin sameiginleg skýrsla vegna árekstursins var gerð á vettvangi og ekki liggja fyrir sérstakar vitnaskýrslur vegna málsins. Með vísan til þessa er ekki hægt að leggja framburð annars ökumanns til grundvallar frekar en hins og verður því að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök á árekstri milli bifreiðanna A og B skiptist til helminga milli ökumanna.

Reykjavík, 3. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.